Bestu þakkir fyrir góðan fund áðan. Sendi þér minisblaðið sem við fórum yfir á fundinum í viðhengi.

Bestu kveðjur,

Þorsteinn

**Þorsteinn Gunnarsson Ph.D.**
Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís | The Icelandic Centre for Research – RANNÍS
Laugavegur 13
IS-101 Reykjavík, Iceland
Tel: +354-515 5800 | [redacted] | +354-460 8519
thorsteinn.gunnarsson@rannis.is

Vísindasamstarf við Kína kynning mmrn..docx

rannís

Drög 2. mars 2015

Til Mennta- og menningarmálaráðuneytis

Frá RANNÍS

# Vísindasamstarf milli Kína og Íslands í málefnum norðurslóða

**Aðdragandi**

Fyrir milligöngu utanríkisráðuneytis heimsækir kínversk vísindasendinefnd Ísland, í ágúst 2011. Heimsóknin var skipulögð af Rannís og Arctic Portal. Af þessu tilefni er fyrsta kínversk íslenska málþingið um norðurslóðarannsóknir haldið í Reykjavík, 1st Workshop on China – Iceland Arctic Research Cooperation, 22. ágúst 2011. Rætt er m.a. um norðurljósarannsóknir og sameiginlegar ráðstefnur sem möguleg samstarfsverkefni.

Þann 20. apríl 2012 undirrituðu Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands og Yang Jiechi, utanríkisráðherra Kína rammasamning um samstarf Íslands og Kína í málefnum norðurslóða með áherslur á rannsóknir og samgöngumál á norðurslóðum. Í tengslum við þann samning var svo undirritað samkomulag við Hafmálastofnun Kína (SOA) um samstarf á sviði heimskauta- og hafrannsókna. Samningurinn og samkomulagið skapa tækifæri til frekari samvinnu milli íslenskra og kínverskra fræðimanna á sviði jöklafræði, loftslagsrannsókna, samgöngumála og hafrannsókna á heimskautasvæðum og á öðrum sviðum heimskautarannsókna. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir þeim möguleika að komið verði á fót sameiginlegri rannsóknarstofu, norðurljósaathugunarstöð og sameiginlegri miðstöð haf- og heimskautarannsókna á Íslandi.

*Polar Research Institute of China (PRIC)*, eða Heimskautastofnun Kína er opinber rannsóknarstofnun, sem heyrir undir SOA og er staðsett í Shanghai, Kína. Starf PRIC er þungamiðja norðurslóðarannsókna í Kína og starfrækir stofnunin rannsóknastöð á Svalbarða, fjórar rannsóknastöðvar á Suðurskautinu og rekur ísbrjótinn Xuelong, Snædrekann. Nýr ísbrjótur er í framleiðsluferli. Forseti Íslands og forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, hafa heimsótt PRIC.

**Samstarfsverkefni**

Í framhaldi af undirritun samningsins hefur verið unnið að nokkrum samstarfsverkefnum milli PRIC og RANNÍS. (1) heimsókn ísbrjótsins Snædrekans, (2) vísindaráðstefnur í Shanghai í júní 2013, á Akureyri í júní 2014 og í Shanghai í maí 2015, (3) Sameiginleg rannsóknamiðstöð Kína og Norðurlanda í Shanghai, (4) Sameiginleg Norðurljósarannsóknastöð Íslands og Kína á Íslandi.

Samhliða heimsókn ísbrjótsins Snædrekans sem kom hingað til lands í boði íslenskra stjórnvalda í ágúst 2012 var haldið fjölsótt málþing íslenskra og kínverskra vísindamanna í Háskóla Íslands, þar sem þeir gerðu grein fyrir niðurstöðum rannsókna á norðurslóðum á ýmsum fræðasviðum. Þess má geta að RANNÍS hafði milligöngu um að tveir íslenskir vísindamenn, Egill Þór Níelsson, gestafræðimaður við PRIC og Ingibjörg Jónsdóttir, Raunvísindastofnun, tóku þátt í leiðangri Snædrekans og voru þau, ásamt frönskum vísindamanni, einu erlendu vísindamennirnir sem tóku þátt í þessum leiðangri.

Á málþinginu var skrifað undir samstarfsyfirlýsingar á milli Raunvísindastofnunar og PRIC um sameiginlega norðurljósarannsóknastöð og RANNÍS og PRIC um vísindasamstarf á norðurslóðum. Í samstarfsyfirlýsingu RANNÍS og PRIC er m.a. kveðið á um að samningsaðilar haldi „China-Nordic Arctic Cooperation Research Seminar" í Shanghai 2013 og að PRIC fyrirhugi að koma á fót „China-Nordic Arctic Research Center" í Shanghai. Með þessum yfirlýsingum urðu ákveðin vatnaskil í samstarfinu þannig að öll Norðurlöndin urðu aðilar að því með Íslandi.

**Vísindaráðstefnur**

Í framhaldi af þessu var ákveðið að PRIC, í samstarfi við RANNÍS, boðaði til ráðstefnu í Shanghai, 4.- 7. júní 2013, undir heitinu: „Samstarf Kína og Norðurlanda á sviði sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum." Á þessari ráðstefnu voru málstofur um (1) siglingaleiðir um Norður- Íshaf og auðlindanýtingu, (2) loftslagsbreytingar, og (3) stefnumótun í málefnum Norðurslóða. Á ráðstefnunni héldu sjö vísindamenn frá Íslandi erindi auk vísindamanna frá hinum Norðurlöndunum og Kína.

Næsta ráðstefna, „Þar sem norður og austur mætast" (2nd China-Nordic Arctic Cooperation Symposium), var svo haldin ári síðar, eða 2-5. júní 2014, í Háskólanum á Akureyri. Þar fjölluðu vísinda- og fræðimenn frá Norðurlöndunum og Kína, auk fulltrúa ríkja Norðurskautsráðsins um málefni Norðurslóða, m.a. alþjóðasamvinnu, efnahagslíf og alþjóðavæðingu.

Dagana 26.-28. maí 2015 verður þriðja „China – Nordic Arctic Cooperation Symposium" undir heitinu, „Samvirkni á norðurslóðum," haldið í Shanghai. Á ráðstefnunni verða málstofur um (1) stjórnarhætti, (2) vísindasamstarf, (3) stefnumótun í málefnum Norðurslóða og (4) efnahagsþróun. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, utanríkisráðuneytið og ýmis fyrirtæki hafa styrkt ferðir íslenskra vísindamanna á ráðstefnur í Shanghai og ráðstefnuhaldið á Akureyri.

**Sameiginleg rannsóknamiðstöð Kína og Norðurlanda í Shanghai**

Í desember 2013 tók til starfa Kínversk-norræna norðurslóðamiðstöðin í Sjanghai en stofnaðilar hennar voru sex norrænar og fjórar kínverskar stofnanir sem eru leiðandi í málefnum norðurslóða í sínu landi. PRIC og RANNÍS leiddu undirbúning að stofnun þessarar miðstöðvar. Íslenskur fræðimaður, Egill Þór Níelsson, er í forsvari fyrir þessa miðstöð. Samstarf RANNÍS og Heimskautastofnunar Kína hefur því gegnt lykilhlutverki í að auka norðurslóðasamstarf, ekki aðeins á milli Kína og Íslands, heldur Kína og Norðurlandanna allra.

Auk rannsóknaverkefna styrkir miðstöðin rannsóknadvöl norrænna vísindamanna í Kína og kínverskra vísindamanna á Norðurlöndunum. Einn íslenskur vísindamaður, Valur Ingimundarson, prófessor við Háskóla Íslands, hlaut styrk til rannsóknadvalar í Shanghai á árinu 2014.

**Sameiginleg Norðurljósarannsóknastöð Íslands og Kína á Íslandi**

Samhliða undirritun samnings á milli ríkjanna í apríl 2012 komu fulltrúar PRIC til Íslands til viðræðna um vísindasamstarf á norðurslóðum m.a. um sameiginlega rannsóknamiðstöð þar sem fyrst í stað yrði lögð áhersla á norðurljósarannsóknir, í samstarfi við Raunvísindastofnun Háskólans (RH), Veðurstofu Íslands, Háskólann á Akureyri o. fl. ísl. rannsóknaaðila. Fulltrúar Rannís, Háskólans á Akureyri, RH og Arctic Portal funduðu með þeim, útskýrðu íslenskt vísinda- og lagaumhverfi og sýndu þeim mögulegar staðsetningar, mest á Norðurlandi.

Í júní 2012 var fulltrúum Rannís, RH og Arctic Portal boðið til Shanghai til frekari viðræðna og undirbúnings nánara samstarfs við PRIC.

Af hálfu Íslands hafa eftirtaldir aðilar undirbúið og haft milligöngu um stofnun Norðurljósamiðstöðvar, í samstarfi við PRIC: RANNÍS, Hallgrímur Jónasson og Þorsteinn Gunnarsson; Raunvísindastofnun Háskólans, Gunnlaugur Björnsson, rannsóknaprófessor; Norðurslóðanet Íslands, Embla Eir Oddsdóttir framkvæmdastjóri; Arctic Portal, Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri,

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Reinhard Reynisson. Verkefnið var kynnt fyrir fjölmörgum aðilum: Utanríkisráðuneyti, mennta-og menningarmálaráðuneyti, Háskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands, Akureyrarbæ, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, Þekkingarneti Þingeyinga, Norðurþingi og Þingeyjarsveit.

**Sammningur RANNIS og PRIC**

Samningur Norðurljósamiðstöðina var undirritaður í september 2013. Megin atriði samnings eru eftirfarandi:

- RANNÍS og PRIC koma á fót þriggja manna ráðgefandi stjórn sem hefur umsjón og fylgist með starfsemi rannsóknastöðvarinnar. Í stjórninni hefur RANNÍS einn fulltrúa, PRIC annan og þriðji er tilnefndur sameiginlega af PRIC og RANNÍS. PRIC og RANNÍS skiptast á að fara með formennsku í nefndinni.
- Vísindanefnd hefur verið stofnuð til að vera ráðgefandi um vísindastarfið í Norðurljósamiðstöðinni með þátttöku íslenskra, kínverskra og annarra alþjóðlegra vísindamanna. Í vísindanefndinni taka m.a. þátt vísindamenn á vegum Raunvísindastofnunar Háskólans, Háskólans á Akureyri, Veðurstofu Íslands o.fl. m.a. alþjóðlegra vísindastofnana. Tilgangur Vísindanefndarinnar er að veita ráðgjöf um rannsóknastarfsemina, þróun rannsóknaáherslna og útbreiðslu rannsóknaniðurstaðna.
- Öll athugunargögn eru eign beggja samningsaðila og opin fyrir alþjóðlegu vísindasamfélagi.
- Samningurinn er endurskoðaður á fimm ára fresti.

**Hlutverk RANNÍS**

Hlutverk Rannís í þessum undirbúningi hefur einkum falist í því að samræma þátttöku íslensku rannsóknaaðilana í þessu samstarfsverkefni, skv. þeim lögum sem um Rannís gilda og sjá um tengsl íslenska vísindasamfélagsins við PRIC.

**Umsjón með framkvæmdum og rekstri**

Norðurljósarannsóknastöðin verður staðsett að Kárhóli í Reykjadal. Rekstrarfélag, Aurora Observatory – eignarhaldsfélag í formi sjálfseignarstofnunar – (AO ses) hefur verið stofnað til að halda utan um framkvæmdir. Stofnendur eru: Arctic Portal, Atvinnuefling Þingeyjarsveitar, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Kjarni ehf. AO ses er eignaraðili að landi og mannvirkjum sem á landinu er, bæði núverandi mannvirkjum og þeim sem verða reist í tengslum við verkefnið. AO ses leigir land og mannvirki til PRIC og sér um eftirlit og viðhald á tækjum, landi og húsum.

AO félagið keypti jörðina Kárhól haustið 2013 fyrir 78 mkr. Gerður hefur verið formlegur leigusamningur milli AO og PRIC um greiðslu, leigu fyrir land og afnot af mannvirkjum auk annars rekstrar. Upphæð greiðslna miðist við að þær dekki afborganir af láni vegna kaupa á landi, byggingakostnað og rekstur, þ.m.t. rekstur upplýsingarmiðstöðvar/gestastofu, skatta og önnur gjöld, viðhald og rekstur lands og mannvirkja o.s.frv., samanber áætlun sem verði hluti samnings á milli aðila.

Rannsóknahúsið verður þriggja hæða um 750m$^2$ að flatarmáli. Áætlaður framkvæmdakostnaður er 300-350 mkr. Gert er ráð fyrir að vísindaaðstaða verði opnuð 2016 og sérstök gestastofa 2017. Þar verði opið á sumrin fyrir ferðamenn og á öðrum tímum eftir þörf og samkomulagi. Starfsmaður verði ráðinn til sumarvörslu og leiðsögu og leitað eftir samstarfi við heimafólk um að taka við hópum utan sumarmánuðina. Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi svæðis vegna þessara framkvæmda hafa verið auglýstar og eru í lögbundnu ferli.

**Vísindasamstarfið**

Fyrstu mælingar á norðurljósum hófust á Kárhóli haustið 2013. Gert er ráð fyrir að kínverskir vísindamenn og aðrir alþjóðlegir gestavísindamenn dvelji í rannsóknamiðstöðinni í skemmri eða

lengri tíma, nokkuð sem hlýtur að teljast afar áhugaverð og jákvæð þróun í vísindalegu samstarfi, bæði á svæðinu sjálfu sem og landinu öllu. Nú þegar hefur verið staðfestur áhugi Raunvísindastofnunar Háskólans, Veðurstofu Íslands og Norðurslóðanets Íslands og Háskólans á Akureyri um að taka þátt í samstarfinu. Gera má ráð fyrir að erlendar vísindastofnanir muni einnig hafa hug á að taka þátt í þessu samstarfi.

Sameiginleg miðstöð í norðurljósarannsóknum á Kárhóli styrkir þær norðurljósarannsóknir sem þegar eru stundaðar hér á landi og bætir við þær á sumum sviðum t.d. á sviði litrófsgreininga. Hún útvíkkar líka þær mælingar sem þegar eru stundaðar hér á landi því fyrirhuguð mælitæki gefa ítarlegri og fyllri mynd af eiginleikum norðurljósa en núverandi búnaður gefur kost á.

Mikil norðurljósvirkni getur verið afleiðing af stórum sólgosum. Sólgos geta haft víðtækar rafmagnstruflanir í för með sér, miklar truflanir á fjarskiptum, gervitungl geta eyðilagst (t.d. GPS) truflanir verða á loftskeytum (t.d. stuttbylgja) og hafa einnig neikvæð áhrif á geimstöðvar/geimfara. Rannsóknir á norðurljósum geta því haft mikið hagnýtt gildi.

Auk PRIC taka fjölmargar kínverskar vísindastofnanir þátt í þessu samstarfi s.s. National Space Science Center, Chinese Academy of Sciences (CAS); Institute of Geology and Geophysics, CAS; China Research Institute of Radio Wave Propagation; National Center for Space Weather; Institute of Space Physics and Applied Technology, Peking University; School of Electronic Information, Wuhan University; School of Earth and Space Science, University of Science and Technology of China; School of Space Science and Physics, Shandong University. Jafnframt geta opnast samstarfsmöguleikar við kínverska vísindamenn á öðrum sviðum norðurslóðavísinda, einkum á sviði raun- og náttúruvísinda, t.d. líffræði og loftslagsrannsóknir.

Á síðari stigum verkefnisins er áhugi fyrir því að opna svæðið og landið frekar fyrir ýmis konar náttúruvísindarannsóknum, s.s. á veðurfari eða gróðurfari.

**Þýðing fyrir vísindi og samfélag**

Auk þeirra þátta sem hér hafa verið raktir að framan má ætla að starfsemin í Norðurljósamiðstöðinni hafi eftirfarandi þýðingu fyrir vísindi og samfélagi hér á landi:

- Eykur áhuga vísindamanna frá öðrum þjóðum á vísindasamstarfi við Ísland.
- Opnar möguleika fyrir íslenska og norræna vísindamenn til að vinna með kínverskum kollegum, ráðstefnur, rannsóknaverkefni.
- Byggir upp fyrsta flokks rannsóknaaðstöðu á norðurljósum hér á landi sem nýtist bæði vísindasamfélaginu og almenningi.
- Íslenskir rannsóknaaðilar geta miðlað af þessu samstarfi til kollega sinna á Norðurlöndunum og til annara erlendra samstarfsaðila.
- Hefur einnig ýmis svæðisbundin áhrif:
- Miðstöðin er mikilvæg fjárfesting í rannsóknum á Norðausturlandi á eftir Háskólanum á Akureyri og eykur þar með veltu og umsvif á svæðinu.
- Auðveldar að fleiri alþjóðlegum rannsóknamiðstöðvum verði komið upp hér á landi.
- Jákvæð áhrif á ferðamennsku, einkum utan háannatíma.

Re: Varðar undirbúning dagskrár í Beijing.
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR15010133
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Ingibjörg Ólafsdóttir
Staða: Rafrænt skjalasafn
Dagsetningar:
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 03.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Ari Kristinn Jónsson <ari@ru.is>

Frá: Ari Kristinn Jónsson <ari@ru.is>
Dags: 03.03.2015 21:55:41
Til: Ragnar Baldursson <ragnar.baldursson@utn.stjr.is>
cc: Ásta Magnúsdóttir <asta.magnusdottir@mrn.is>, Stefán Stefánsson <stefan.stefansson@mrn.is>, Ingibjörg Ólafsdóttir <ingibjorg.olafsdottir@mrn.is>
Efni: Re: Varðar undirbúning dagskrár í Beijing.

---

Sæll Ragnar,

Takk fyrir aðstoð þína við að skipuleggja dagskrána. Þú þekkir auðvitað vel til þess sem við höfum verið að byggja upp í okkar samskiptum við Kína, en þar er okkur efst í huga að bjóða upp á tækifæri fyrir kínverska nemendur að sækja nám Í HR og þá sérstaklega í endurnýjanlegri orku. Samhliða sjáum við tækifæri á gagnkvæmu samstarfi í kennslu og rannsóknum, sem og með tengingu við atvinnulífið (eins og til dæmis með þríhliða samvinnu HR, háskóla í Kína og fyrirtækis í þróun jarðhita í Kína).

Við erum í samstarfi við nokkra háskóla í Kína, en við höfum komst lengst með okkar tengsl við Tianjin University og við China University of Geosciences. Við erum með sameiginlega meistaragráðu með báðum háskólum. Við höfum líka náð að komast á listann hjá China Scholarship Council og umsóknir frá Tianjin eru að fara þar í gegn (vonandi með jákvæðri niðurstöðu). Þetta er frábær grunnur fyrir að halda áfram að byggja upp tengsl á háskólastigi milli landanna og við hefðum aldrei náð þesu án ómetanlegrar hjálpar frá sendiráðinu í Kína. Og nú vonum við að þessi heimsókn ráðherra geti orðið til þess að efla þetta starf verulega. Við erum því virkilega spennt fyrir ferðinni.

Þar sem þú þekkir til okkar vinnu og markmiða, þá treysti ég auðvitað mjög vel öllum þeim hugmyndum og tillögum sem þú hefur. Endilega láttu okkur vita hvað þér dettur í hug. En hérna eru nokkrar hugmyndir sem við höfum:

- Fá fund með ráðherra og einhverjum lykilstjórnendum Tianjin University. Þetta mætti vera stuttur fundur á hótelinu í Beijing, en með því að hafa ráðherra með á fundi með þeim myndi samstarf okkar fá verulega aukið vægi. Þar sem Tianjin er einn sterkasti verkfræðiháskóli í Kína og hefur verið valinn sem lykilstofnun fyrir þróun jarðhitaorkuþróunar, þá sjáum við mikil tækifæri í að byggja upp virkilega sterkt samstarf með þeim. Samstarfið hefur komist ágætlega af stað og við fengum tvo prófessora frá þeim nýlega í heimsókn. Umsókn nemenda frá þeim um styrk til að koma til okkar er í gangi hjá China Scholarship Council og svo erum við að vinna í því að fá tvo áhugasama prófessora hjá okkur til að sækja um styrk í gegnum "Thousand talents" prógrammið og eyða þá tíma í Tianjin og/eða öðrum samstarfsháskóla.

- Fá fund með Tsinghua University. Þar höfum við áhuga á að byggja upp samstarf í rannsóknum og þá sérstaklega á sviðum orku og tækni. Við erum með skiptinemasamning, en nýlega var einn af okkar prófessorum í tölvunarfræði í heimsókn hjá Tsinghua og ég hef hitt nokkra prófessora þaðan. Mér sýnist því vera góð tækifæri til að búa til sterka tengingu sem myndi virka vel í báðar áttir - nemendur og kennarar geta farið á milli. Með styrk Tsinghua í tækni, tölvum, viðskiptum og orku, þá passar hann mjög vel við HR.

- Við veltum því svo fyrir okkur hvort akkur sé í að hitta China

Scholarship Council aftur. Það væri auðvitað frábært að þeir gætu heyrt í ráðherra okkar til að byggja undir að styrkumsóknir til okkar séu teknar alvarlega. En HR er þegar kominn á listan hjá þeim og það er spurning hvort það sé eitthvað fleira sem eigi að gera. Það væri gott að heyra hver þín skoðun á því er.

- Verður heimsóknin alveg í Beijing eða verður farið til Shanghai eða annarra borga? Ef farið verður út fyrir Beijing, þá höfum við ýmsar hugmyndir um gagnlegar heimsóknir, sérstaklega í Shanghai, Xian og Wuhan. En það væri gott að vita meira um dagskrána áður en við leggjum til eitthvað utan Beijing.

Þetta eru okkar fyrstu hugmyndir en það væri frábært að heyra frá þér og við erum mjög opin fyrir þínum tillögum.

Við hlökkum til að koma aftur til Kína og sjá ykkur. Það verður gaman að gera það í þessu samhengi núna!

Bestu kveðjur,

Ari

PS: Hverjir halda utan um talpunkta Illuga á fundi með menntamálaráðuneytinu? Það eru lykilpunktar sem þyrfti að koma að til að styðja við það að kínverskir nemendur sæki nám til Íslands. Við höfum upp á margt að bjóða:
- Allt okkar framhaldsnám í HR er á ensku
- Við leiðum í endurnýjanlegri orku sem er lykilviðfangsefni núna í Kína
- Það er auðvelt að vera enskumælandi á Íslandi (það er næstum eins þægilegt og að vera í Bretlandi, USA eða annars staðar)
- Það er mun ódýrara að læra á Íslandi en í enskumælandi löndum
- Við höfum þegar sameiginlegar gráður með kínverskum háskólum
- HR er þegar á lista China Scholarship Council
- Við höfum góðan grunn og viljum styrkja hann verulega

Það væri mjög gagnlegt að fá að taka þátt í þróun talpunktanna - við virkilega vonumst til þess að þessi heimsókn styðji við uppbyggingu okkar samstarfs í Kína.

From: Ingibjörg Ólafsdóttir <ingibjorg.olafsdottir@mrn.is< mailto:ingibjorg.olafsdottir@mrn.is>>
Date: Thursday 26 February 2015 09:53
To: Rektor Háskóla Íslands <rektor@hi.is<mailto:rektor@hi.is>>, "frida@lhi.is<mailto:frida@lhi.is>" <frida@lhi.is<mailto:frida@lhi.is>>, "Ari Kr. Jónsson" <ari@ru.is<mailto:ari@ru.is>>
Cc: Ragnar Baldursson <ragnar.baldursson@utn.stjr.is< mailto:ragnar.baldursson@utn.stjr.is>>, Ásta Magnúsdóttir <asta.magnusdottir@mrn.is<mailto:asta.magnusdottir@mrn.is>>, Stefán Stefánsson <stefan.stefansson@mrn.is<mailto:stefan.stefansson@mrn.is>>
Subject: Varðar undirbúning dagskrár í Beijing.

Kristín Ingólfsdóttir HÍ
Ari Kristinn Jónsson HR
Fríða Björk Ingvarsdóttir LHÍ

Ágætu rektorar,

Sjá hjálagt erindi frá Ragnari Baldurssyni (CC) í sendiráðinu í Kína en hann skipuleggur dagskrá sendinefndarinnar.

Vinsamlega verið í sambandi við hann varðandi heimsóknir og séróskir í ferðinni.

Sendi ykkur annan póst þegar við verðum búin að finna út með gistingu.

Bestu kveðjur,
Ingibjörg.
[cid:_2_08265CF80826579000365B7100257DF8]
Ingibjörg Ólafsdóttir ritari ráðuneytisstjóra / Secretary / Kontorfuldmægtig
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is<http://www.menntamalaraduneyti.is/> - Fyrirvari/Disclaimer<http://www.stjornarrad.is/Fyrirvari>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

----- Forwarded by Ingibjörg Ólafsdóttir/MMRN/NotesSTJR on 26.02.2015 09:29 -----

From: Ragnar Baldursson/UTN/NotesSTJR
To: Ingibjörg Ólafsdóttir/MMRN/NotesSTJR@NotesSTJR
Cc: Ásta Magnúsdóttir/MMRN/NotesSTJR@NotesSTJR
Date: 26.02.2015 08:24
Subject: Fw: Embassy hotel room rates

---

- Ingibjörg, gætirðu beðið rektorana um að senda mér óskir þeirra varðandi heimsóknir í skóla eða aðrar séróskir sem hugsanlega verður ekki hægt að koma inn í dagskrá ráðherra. Við ætlum að reyna að koma því þannig fyrir að þeir verði allir með á fundinum hjá kínverska menntamálaráðuneytinu - og hugsanlega líka í menningarmálaráðuneytinu ef þeir óska - en leggjum til að Listaháskólarektor noti tækifærið og fari t.d. í Tónmennta-háskólann eða Listaháskóla Kína (nokkrir koma til greina) þegar fundurinn í vísindaráðuneytinu verður.

mkv,

Ragnar

----- Forwarded by Ragnar Baldursson/UTN/NotesSTJR on 26/02/2015 16:14 -----

From: Zhang Lin/UTN/NotesSTJR
To: Ragnar Baldursson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR
Date: 26/02/2015 14:57
Subject: Embassy hotel room rates

---



ATT00001.jpg

Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 03.03.2015
Dagsetning skjals: 03.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: info@reykjavikdancefestival.is
Netfang: "Reykjavík International Film Festival" <info@riff.is>
Netfang: lokal@lokal.is

---

Frá: Karitas H. Gunnarsdóttir/MMRN/NotesSTJR
Dags: 03.03.2015 14:22:51
Til: info@reykjavikdancefestival.is, "Reykjavík International Film Festival" <info@riff.is>, lokal@lokal.is
Efni: Samstarf við Kína

---

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,

**Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri / Director, Deputy Permanent Secretary /Afdelingschef**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavík, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

**Samstarf við Kína**
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 03.03.2015
Dagsetning skjals: 03.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Listahátíð í Reykjavík" <artfest@artfest.is>
Netfang: info@icelandicartcenter.is
Netfang: info@icelandmusic.is
Netfang: handverk@handverkoghonnun.is
Netfang: info@honnunarmidstod.is
Netfang: "Miðstöð íslenskra bókmennta" <islit@islit.is>

Frá: Karitas H. Gunnarsdóttir/MMRN/NotesSTJR
Dags: 03.03.2015 14:20:18
Til: "Listahátíð í Reykjavík" <artfest@artfest.is>, info@icelandicartcenter.is, info@icelandmusic.is, handverk@handverkoghonnun.is, info@honnunarmidstod.is, "Miðstöð íslenskra bókmennta" <islit@islit.is>
Efni: Samstarf við Kína

---

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,

**Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri** / Director, Deputy Permanent Secretary /Afdelingschef
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 03.03.2015
Dagsetning skjals: 03.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Kristín Ögmundsdóttir" <kristin.o@id.is>
Netfang: laufey@kvikmyndamidstod.is
Netfang: arna@sinfonia.is
Netfang: gudny@gljufrasteinn.is
Netfang: magnus.geir.thordarson@ruv.is

---

Frá: Karitas H. Gunnarsdóttir/MMRN/NotesSTJR
Dags: 03.03.2015 14:14:45
Til: "Kristín Ögmundsdóttir" <kristin.o@id.is>, laufey@kvikmyndamidstod.is, arna@sinfonia.is, gudny@gljufrasteinn.is, magnus.geir.thordarson@ruv.is
Efni: Samstarf við Kína

----------------------------------------------------------

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,

Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri / Director, Deputy Permanent Secretary /Afdelingschef
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

Re: Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Halldór Björn Runólfsson <Halldor.B.Runolfsson@listasafn.is>

Frá: Halldór Björn Runólfsson <Halldor.B.Runolfsson@listasafn.is>
Dags: 04.03.2015 10:36:07
Til: "Karitas H. Gunnarsdóttir" <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
Efni: Re: Samstarf við Kína
---------------------------------------------------------

Sæl Karitas,

Við erum í frekar takmörkuðum samskiptum við Kínverja, nema sendiráðið, en sendiherra og frú eru staðfastir gestir á opnunum okkar. Einu kínversku tengsl okkar eru óbein, en Inga Svala Þórsdóttir og Wu Shanzhuan eru í viðræðum við okkur um sýningaráform á næsta eða þarnæsta ári. Þessar viðræður eru ennþá leynilegar, enda á byrjunarreit ef svo má segja.

Aðrar þreifingar eru ekki í gangi sem stendur en okkur þætti vænt um að vita nánar hvort ráðherra æskir einhvers af hálfu Listasafns Íslands í tengslum við ferð sína.

Með virðingu og vinsemd,

Halldór Björn Runólfsson
Safnstjóri/Museum Director
-----------------------------------------------------------------------------

Listasafn Íslands/National Gallery of Iceland
Laufásvegi 12, Reykjavík 101, Iceland
Tel: +354 515 9600/Fax: +354 515 9601
halldorbjorn@listasafn.is / www.listasafn.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingönu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og inniheldur upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

Please note this e-mail and it´s attachments are intended for the named addresse only and may contain information the is confidential and privileged. Futrher information: http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur

From: "Karitas H. Gunnarsdóttir" <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
To: hjm@nmsi.is, eirikur@skjalasafn.is, iss@bok.hi.is, halldorbjorn@listasafn.is, es@kvikmyndasafn.is, thora@hljodbokasafn.is,
Date: 03.03.2015 14:12
Subject: Samstarf við Kína

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.

**Re: Samstarf við Kína**
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
**Dagsetningar:**
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Sigtryggur Baldursson
<sigtryggur@icelandmusic.is>

---

Frá: Sigtryggur Baldursson <sigtryggur@icelandmusic.is>
Dags: 04.03.2015 12:09:22
Til: "karitas.gunnarsdottir@mrn.is" <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
cc: Listahátíð í Reykjavík <artfest@artfest.is>, info@icelandicartcenter.is, handverk@handverkoghonnun.is, info@honnunarmidstod.is, Miðstöð íslenskra bókmennta <islit@islit.is>
Efni: Re: Samstarf við Kína

---

Sæl Karitas og alle.

Við erum ekki í samvinnu við neina í Kína eins og stendur.

kkv.

Sigtryggur Baldursson
Managing director
Tel. [redacted]

ÚTÓN
ÚTFLUTNINGSSKRIFSTOFA
ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

Laugavegur 105.
105 Reykjavík, Iceland
Tel: + 354 5886620
www.icelandmusic.is | www.uton.is | Facebook | Twitter

[redacted]

RE: Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Miðstöð íslenskra bókmennta <islit@islit.is>

---

Frá: Miðstöð íslenskra bókmennta <islit@islit.is>
Dags: 04.03.2015 12:43:31
Til: Karitas H. Gunnarsdóttir <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
Efni: RE: Samstarf við Kína

---

Sæl, Karitas.

Miðstöð íslenskra bókmennta er ekki í formlegu samstarfi við Kína enn þá.
En við fylgjumst vel með bókamessum í Peking og Sjanghai, sem haldnar eru á haustin og ætlum okkur að leita leiða til að koma íslenskum bókmenntum þar betur á framfæri í haust og á næstu árum, sérstaklega horfum við til Sjanghai sem er stór barnabókamessa sem hin Norðurlöndin hafa mjög góða reynslu af.

Með kveðju,
Hrefna

**From:** Karitas H. Gunnarsdóttir [mailto:karitas.gunnarsdottir@mrn.is]
**Sent:** 3. mars 2015 14:20
**To:** Listahátíð í Reykjavík; info@icelandicartcenter.is; info@icelandmusic.is; handverk@handverkoghonnun.is; info@honnunarmidstod.is; Miðstöð íslenskra bókmennta
**Subject:** Samstarf við Kína

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,

**Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri** / Director,
Deputy Permanent Secretary /Afdelingschef
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is -
Fyrirvari/Disclaimer

RE: Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Handverk & Hönnun
<handverk@handverkoghonnun.is>

---

Frá: Handverk & Hönnun <handverk@handverkoghonnun.is>
Dags: 04.03.2015 14:26:28
Til: 'Karitas H. Gunnarsdóttir' <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
Efni: RE: Samstarf við Kína

---

Sæl og blessuð Karitas,
Við erum ekki í neinu samstarfi við Kína eins og stendur.
Bestu kveðjur,
Sunneva

Bestu kveðjur,
Sunneva Hafsteinsdóttir

HANDVERK OG HÖNNUN

Aðalstræti 10
101 Reykjavík
+ 354 551 7595
handverk@handverkoghonnun.is
www.handverkoghonnun.is

**From:** Karitas H. Gunnarsdóttir [mailto:karitas.gunnarsdottir@mrn.is]
**Sent:** 3. mars 2015 14:20
**To:** Listahátíð í Reykjavík; info@icelandicartcenter.is; info@icelandmusic.is; handverk@handverkoghonnun.is; info@honnunarmidstod.is; Miðstöð íslenskra bókmennta
**Subject:** Samstarf við Kína

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,

Re: Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
**Dagsetningar:**
Búið til: 04.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

**Upplýsingar um viðskiptavin:**
Netfang: Laufey Guðjónsdóttir
<laufey@icelandicfilmcentre.is>

---

Frá: Laufey Guðjónsdóttir <laufey@icelandicfilmcentre.is>
Dags: 04.03.2015 14:03:16
Til: "Karitas H. Gunnarsdóttir" <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>
Efni: Re: Samstarf við Kína

---

Sæl Karítas,

Það er ekki samstarf á sviði framleiðeiðslu við Kínverja - Róbert Ingi Douglas gerði reyndar mynd þar árið 2013 "This is Sanlitun" sem fékk lágan framleiðslustyrk frá KMÍ.

Við eigum reglulega samskipti við kvikmyndahátíðir og kynnum íslenskar myndir, Shanghai hátíðina ber hæst þar. Það eru þó ekki margar myndir sem enda þar, við framleiðum fáar og þær þurfa að passa siðgæðisviðmiðum þeirra. Einnig eigum við óbeina aðkomu að kvikmyndahátíð og markaði í Hong Kong, gegnum samstarfsnetið European Film Promotion, en þau veita evrópskum sölufyrirtækjum fyrirgreiðslu á markaðnum í Hong Kong, núna í vor verður myndin Fúsi (Virgin Mountain) e. Dag Kára kynnt þar á vegum franska sölu- og dreifingafyrirtækisins BAC films.

Bestu kveðjur,

Laufey


Laufey Guðjónsdóttir
forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands
Director, Icelandic Film Centre

Hverfisgata 54
101 Reykjavík
sími/tel: +354 562 3580
bréfasími/fax: +354 562 7171


"Karitas H. Gunnarsdóttir" ---03.03.2015 14:13:56---Komið þið sæl og blessuð. Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar

From: "Karitas H. Gunnarsdóttir" <karitas.gunnarsdottir@mrn.is>

To: "Kristín Ögmundsdóttir" <kristin.o@id.is>, laufey@kvikmyndamidstod.is, arna@sinfonia.is, gudny@gljufrasteinn.is, magnus.geir.thordarson@ruv.is,

Date: 03.03.2015 14:13

Subject: Samstarf við Kína

---

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við

Samstarf við Kína
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR14120249
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Karitas H. Gunnarsdóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 05.03.2015
Dagsetning skjals: 04.03.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: Halla Helgadóttir <halla@honnunarmidstod.is

---

Frá: Halla Helgadóttir <halla@honnunarmidstod.is>
Dags: 04.03.2015 18:49:25
Til: karitas.gunnarsdottir@mrn.is
Efni: Samstarf við Kína

---

Sæl Karítas,

Þeir sem koma helst upp í hugann eru fyrirtækið Össur og svo tölvuleikjafyrirtækið CCP.
Ég veit til þess að LHÍ hefur sambönd við Kínverska háskóla. Goddur hefur sýnt í Peking og hefur haldið fyrirlestra
í háskóla þar. Fríða rektor þekkir líka til.
Hafliði í sendiráðinu hefur unnið í því að tengja hönnunarfyrirtæki við Kína. Við höfum því miður ekki getað hjálpað mikið til vegna fjárskorts.
Ef mér dettur eitthvað fleira í hug læt ég vita.

Kærar kveðjur,
Halla

HönnunarMars
DesignMarch
Reykjavík
12.–15.03.2015


**Halla Helgadóttir**
Framkvæmdastjóri
[redacted]
Vonarstræti 4b | Pósthólf 590 | 121 Reykjavík
halla@honnunarmidstod.is
honnunarmidstod.is | blog.icelanddesign.is


HönnunarMars | 12.-15. mars 2015

Komið þið sæl og blessuð.
Ráðherra mun sækja Kína heim síðar í þessum mánuði. Af því tilefni leitar ráðuneytið eftir upplýsingum hvort um sé að ræða samstarf og eða samskipti stofnana ykkar við stofnanir/samtök/einstaklinga í Kína.
Ráðuneytið væri þökk í því að heyra frá ykkur sem fyrst.
Með góðri kveðju,


**Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri** / Director, Deputy Permanent Secretary /Afdelingschef
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet
Sölvhólsgötu 4, 101 Reykjavik, Iceland.
Sími/ Tel: +(354) 545 9500
http://www.menntamalaraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer



Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.
Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.

CV - kínverskra ráðherra, ný dagskrárdrög (frumdrög) ofl.
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MMR15010133
Málalyklar: 30.0
Eigandi skjals: Ingibjörg Ólafsdóttir
Staða: Rafrænt skjalasafn
**Dagsetningar:**
Búið til: 09.03.2015
Dagsetning skjals: 06.03.2015

**Upplýsingar um viðskiptavin:**
Netfang: CN=Ragnar Baldursson/OU=UTN/O=NotesSTJR

---

Frá: Ragnar Baldursson/UTN/NotesSTJR
Dags: 06.03.2015 07:50:39
Til: Ingibjörg Ólafsdóttir/MMRN/NotesSTJR@NotesSTJR
cc: Þórarinn V. Sólmundarson/MMRN/NotesSTJR@NotesSTJR, Ásta Magnúsdóttir/MMRN/NotesSTJR@NotesSTJR, Stefán Skjaldarson/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR, Zhang Lin/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR
Efni: CV - kínverskra ráðherra, ný dagskrárdrög (frumdrög) ofl.
-----------------------------------------------------------

Sælar hjálagt er CV á þeim sem ráðherrann hittir.

CV of Luo Shugang, Minister of Culture.docxCV of Mr. WAN Gang, Minister of Science and Tech..docx

CV of Fu Chengyu - SINOPEC.docxCV of Wang Tianpu.docx

Það er komin tímasetning á tvo fundi, með menningarráðherra Kína, Luo Shugang, þriðjudaginn 24 mars kl. 10 og vísindaráðherranum Wang Gang kl. 15:00 sama dag.

Ég er í ágætu sambandi við HR og upplýsingarnar frá Rannís eru fullnægjandi, nema samningsdrögin hef ég enn ekki séð. Vænti þess að hugsanlega hafi stofnunin verið í beinu sambandi vegna þeirra. Hef ekkert heyrt frá HÍ en Ari mun hitta HÍ rektor í næstu viku og still saman strengi. Hef heldur ekkert heyrt frá Listaháskólanum.

Hef bakþanka vegna hugmyndarinnar um heimsókn til Xian. Kostnaður vegna innanlandsflugs fellur á Íslendinga þar sem þetta er vinnuheimsókn. Xian er líka svo vinsæll áfangastaður fyrir erlenda ráðherra að heimamenn gleyma heimsóknum þeirra hratt.

Úr því að sendinefndin er orðin svona fjölmenn þá er spurning hvort það væri ekki betri nýting á tíma og tilkostnaði að fara með hópinn til Baoding, vinaborgar Hafnafjarðar. Baoding er eina borgin í Kína sem hefur formlegt vinabæjarsamband við íslenskt byggðarlag (Hafnarfjörð). Baoding er milljónaborg í næsta nágrenni Peking, ellefu milljónir íbúa. Hún er fjölmennasta borg í Hebei-fylki sem ákveðið hefur verið að gera að fyrirmynd fyrir önnur svæði í Kína um jarðhitanýtingu með Baoding í leiðandi hlutverki. Þar er öflugur háskóli sem er í raun líklegri til að sinna samskiptum við Ísland og senda nemendur til íslenskra háskóla en háskólarnir í Peking eða Shanghai ef til formlegra samskipta yrði stofnað.Borgaryfirvöld hafa sýnt mikinn áhuga fyrir samskiptum við Ísland og eitt stærsta samvinnuverkefni Orku Energy og Sinopec Star um jarðhita er í úthverfi hennar. Gerður hefur verið samstarfssamningur um fjölmargar nýjar hitaveitur í fleiri úthverfum og útborgum Baoding enda eru þróun endurnýjanlegrar orku forgangsverkefni þar. Einn stærsti vindmilluframleiðandi Kína er með höfuðstöðvar þar og sömuleiðis eitt stærsta sólarflekafyrirtæki heims.

Við þetta bætist að Baoding er í tveggja tíma aksturfsfjarlægð frá Peking þannig að ferðakostnaður þangað er mun lægri en til Xian. Vegna nálægðarinnar við Peking, fær hún fáa erlenda ráðherra í heimsókn og eru heimamenn því líklegri til að minnast heimsóknar íslensks ráðherra og fylgja henni eftir með auknum samskiptum. Þar eru líka merkar fornminjar frá Han tímabilinu, sem eru vel þess virði að skoða þótt þær séu ekki eins miklar um sig og leirstyttuherinn í Xian.

Hjálögð eru ný dagskrárdrög með áorðnum breytingum og valkosti varðandi helgarferðina til Xian eða Baoding. Helst þarf að taka þarf ákvörðun á mánudag til að tími gefist til að undirbúa þennan huta

ferðarinnar (og panta flug ef ákveðið verður að fara til Xian) Eins og þið sjáið af ofangreindu þá er undirritaður farinn að hallast að því að fara frekar til Baoding, þangað yrði hægt að aka í rútu með allan hópinn.



Draft Program .docx

**Draft Program**

**Visit to China of**
**H.E. Mr. Illugi Gunnarsson**
**Minister Education, Science and Culture of Iceland**

**Saturday 21 to Friday 27 March 2015**

**Saturday 21 March**

| | |
|---|---|
| 9:55 | Arrival of H.E. Mr. Illugi Gunnarsson, Minister of Education, Science and Culture of Iceland and his delegation, with KL897<br><br>*Met by Mr. Hong Ning, Deputy Division Chief, and Mr. Lan Jian, Project Officer of the Bureau for External Cultural Relations of the Ministry of Culture*<br><br>*Name list of the delegation:*<br>1) Mr. Illugi Gunnarsson, Minister of Education, Science & Culture<br>2) Ms. Asta Magnúsdóttir, Permanent Secretary of the Ministry<br>3) Ms. Karitas H. Gunnarsdóttir, Director of Cultural Affairs<br>4) Mr. Thórarinn Sólmundarson, Senior Adviser, Department of Higher Education and Science<br>5) Ms. Sigríður Hallgrímsdóttir Political Adviser to the Minister<br>6) Mr. Hallgrimur Jonasson, General Director of The Icelandic Centre for Research (RANNIS)<br>7) Ms. Kristín Ingólfsdóttir Rector, University of Iceland<br>8) Mr. Ari Kristinn Jónsson Rector, Reykjavik University<br>9) Ms. Fríða Björk Ingvarsdóttir Rector, Iceland Academy of the Arts<br><br>*Question: Will the whole delegation members arrive in Beijing the same time and same flight, advise?* |
| 11:00 | Transfer to Beijing Kempinski Hotel and Relax<br>*Kempinski Hotel Beijing Lufthansa Center:*<br>*Add : 50 Liangmaqiao Road, Chaoyang District, Beijing · China*<br>*Tel: + 86 10 6465 3388* |
| 12:30 | Lunch at the Hotel |
| Afternoon | *Sightseeing or shopping, options*<br>*1) Great Wall or*<br>*2) Forbidden City and Tian'an Men Square or*<br>*3) National Museum of China* |
| 19:00 – 20:00 | Preparation Dinner hosted by Ambassador Stefan Skjaldarson of Iceland and Mrs. Birgit Nyborg at their residence |

**Sunday 22 March**

| | |
|---|---|
| *Option One* | *Departure for Xi'an:*<br>*Flights Option: CA 1209, 10:25 – 12:35 or MU 2106 10:55 – 12:00* |
| | *Arrival in XI'an and lunch* |
| | *Sightseeing options - Afternoon*<br>1) *The Terracotta Warriors and Horses*<br>2) *X'an City Wall (Be Maintained the best in China) or*<br>3) *Shaanxi Provincial Museum* |
| | *- Meeting with Shaanxi Provincial official (A Vice Governor) in charge of Cultural, Education and Science*<br>*- A performance (Tang Dynasty style)?* |
| *Option Two:* | *Morning: Departure for Baoding by bus (2 hours dirve)*<br>*Or more sightseeing in Beijing* |
| | *Noon: Lunch* |
| | *Afternoon: Visit Xiongxian county – the Geothermal Heating District*<br>*Or Departure for Baoding by bus* |
| | *Evening: Back to Baoding*<br>*Dinner or meeting with Baoding Mayor and staying in Baoding* |

**Monday 23 March**

| | |
|---|---|
| *Continue of Option One* | *Morning: Visit Xianyang – the Geothermal Heating District* |
| | *Noon: Meeting with Xianyang Mayor or Vice Mayor and followed by a welcoming lunch* |
| | *More sightseeing and return to Beijing*<br>*Flight options: CA1290 15:40 – 17:35 or CA 1202 17:40 – 19:40* |
| *Continue with Option Two* | *Morning: Departure for Xiongxian County – the Geothermal Heating District*<br>*Noon: Lunch at Xiongxian County*<br>*Afternoon: Sightseeing*<br>*Evening: Back to Beijing by bus* |

**From Tuesday 24 to Thursdays 26 March, the Minister and the delegation will have official activities in Beijing including:**

1) Meetings with
   i. Mr. Luo Shugang, Minister of culture
   ii. Mr. Wan Gang, Minister of Science and Technology and a MOU to be signed (TBC)
   iii. Mr. Yuan Guiren, Minister of Education
   iv. Mr. Fu Chengyu, Chairman of Board of SINOPEC

2) Universities:
   i. Visit Tsinghua University which the University of Iceland has a cooperation agreement and the Reykjavik University intends to set up contact
   ii. Visit China Academy of Art
   iii. National Science Foundation of China?

3) Sightseeing or museums:

**Tuesday 24 March**

| | |
|---|---|
| 10:00 | Meeting with Mr. Luo Shugang, Minister of Culture of China<br>*Pls advise the name list of the participants at the meeting* |
| | |
| | |
| 15:00 | Meeting with Mr. Wan Gang, Minister of Science and Technology<br>*Pls advise the name list of the participants at the meeting* |
| | |
| | |
| | |

**Wednesday 25 March**

| | |
|---|---|
| | |
| | |
| 17:00 – 19:00 | Concert and followed by a buffet reception at the Embassy<br>- Please advise on the invitees proposed by the Universities and Rannis |

**Thursday 26 March**

| | |
|---|---|
| Morning | |
| | |
| | |
| | |
| | |

**Friday 27 March**

| | |
|---|---|
| 11:55 | Departure for Amsterdam with KL898 |

**Contacts**

| | |
|---|---|
| **Iceland Embassy, Beijing**<br>1 Liangmaqiao Beixiaojie, Chaoyang District, Beijing | +86 (10) 8531 6900 |
| Stefan Skjaldarson, Ambassador to China | Mobile +[redacted]<br>+[redacted] |
| Ragnar Baldursson, Minister Counsellor | Mobile +[redacted]<br>+[redacted] |
| ZHANG Lin | Mobile +[redacted] |
| Petur Yang Li, Trade Representative | Mobile +[redacted] |
| Song - Yan Xuesong | Mobile +[redacted] |
| Kristín Aranka Þorsteinsdóttir | Mobile: +[redacted] |

[redacted]